

Persónuverndarstefna Iceland Seafood

Iceland Seafood (IS/félagið) kappkostar að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem félagið varðveitir.

Persónuverndarstefna félagsins byggir á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Henni er ætlað að skýra hvernig félagið aflar og notar persónuupplýsingar er varða viðskiptavini, framleiðendur og einstaklinga (aðilar).

Félagið hefur sett fram sérstaka persónuverndarstefnu fyrir starfsmenn sem aðgengileg er starfsmönnum á innra neti félagsins. Jafnframt hefur verið sett fram persónuverndarstefna fyrir umsækjendur um störf hjá félaginu sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru hvers konar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef hægt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, t.d. með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn eða netauðkenni. Nafnlausar upplýsingar, þ.e. þegar auðkenni einstaklings hefur verið afnumið teljast ekki til persónuupplýsinga.

Hvaða persónuupplýsingum er safnað ?

Félagið aflar persónutengdum upplýsingum um viðskiptamenn, framleiðendur og einstaklinga. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka aðila og kann öflun, varðveisla og vinnsla að fara eftir eðli sambands aðila við félagið. Upplýsingar sem félagið kann að varðveita eru;

- samskiptaupplýsingar (nafn, kennitala, heimilsfang, símanúmer, netfang),
- eðli viðskipta og samskiptasaga þeim tengdum þ.á.m. áhugasvið tengiliða
- tölvupóstur,
- greiðsluupplýsingar,
- ljósmyndir,

Þessu til viðbótar kann félagið að afla, varðveita og vinna með aðrar upplýsingar sem viðskiptavinir, framleiðendur eða einstaklingar afhenda félaginu og eru nauðsynlegar til þess að viðhalda viðskiptasambandi.

Félagið kappkostar að varðveita áreiðanlegar persónuupplýsingar um viðskiptavini, framleiðendur og einstaklinga. Það er mikilvægt að viðskiptamenn, framleiðendur og einstaklingar stuðli að því að samskiptaupplýsingar og greiðsluupplýsingar séu áreiðanlegar á meðan á viðskiptasambandi stendur.

Hvaðan koma persónuupplýsingar ?

Persónuupplýsingar um viðskiptamenn, framleiðendur og einstaklinga koma frá þeim sjálfum, með tölvupósti eða í gegnum síma. Í þeim tilvikum þar sem persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun félagið leitast við að upplýsa um slíkt.

Ef aðilar afhenda ekki nauðsynlegar upplýsingar getur það leitt til þess að félagið getur ekki orðið aðili að samningi.

Í hvaða tilgangi vinnur félagið með persónuupplýsingar?

IS lítur svo á að viðskiptamenn, framleiðendur og einstaklingar hafi gefið samþykki sitt fyrir öflun, varðveislu og vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem þeir veita félaginu. Félagið vinnur með viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. ljósmyndir, þegar samþykki aðila liggur fyrir.

Unnið er með persónuupplýsingar þegar efna á samning sem aðilar og félagið hafa gert með sér og til þess að fullnægja lagaskyldum sem hvíla á félaginu.

Jafnframt kann félagið að vinna með persónuupplýsingar út frá viðskipta- og samskiptasögu. Þar á meðal kann að vera að upplýsingar um áhugasvið og tölvupóstföng séu notuð í þeim tilgangi að efla viðskiptatengsl og að senda út markpóst.

Félagið skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum sé sanngjörn og lögleg. Upplýsingum er aðeins aflað í tilteknum og lögmætum tilgangi. Öflun og vinnsla er aldrei umfram tilgang vinnslunnar.

Viðtakendur persónuupplýsinga ?

Félagið miðlar ekki persónuupplýsingum aðila til þriðju aðila nema með samþykki aðila eða til þess að uppfylla skyldur samkvæmt samningi.

Félagið kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna vinnu þeirra fyrir félagið, s.s. til þjónustuaðila vegna upplýsingatækniþjónustu, flutningafyrirtækja og tryggingafélaga.

IS kann enn fremur að afhenda öðrum þriðja aðila persónuupplýsingar, s.s. löggæsluyfirvöldum, ef félaginu ber að gera það samkvæmt lögum.

Þriðju aðilar geta verið staðsettir utan Íslands. Félagið mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema hafa til þess heimild á grundvelli gildandi persónuverndarlaga.

IS fer fram á að þriðju aðilar virði öryggi persónuupplýsinga í samræmi við persónuverndarlög.

Hvernig eru persónuupplýsingar varðveittar ?

Persónuupplýsingar eru varðveittar í tölvukerfum félagsins sem eru hýst á starfsstöð félagsins og í office 365 sem er í hýsingu hjá viðurkenndum aðila. IS hefur leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til þess að vernda persónuupplýsingar s.s. með aðgangsstýringum. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn t.d. eyðingu og óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun.

Varðveisla á persónuupplýsingum miðast við tilgang við vinnslu upplýsinganna. Við mat á viðeigandi geymslutíma persónuupplýsinga þá er horft til magns, eðlis og viðkvæmni persónuupplýsinganna, hættu á óheimilli notkun eða miðlun persónuupplýsinganna, tilgangs vinnslunnar og hvort hægt sé að ná tilgangi með vægari úrræðum. Félagið leitast við að varðveita persónuupplýsingar aðila eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar.

Félagið notast ekki við rafræna vöktun og varðveitir því ekki neinar persónuupplýsingar sem aflað er með þeim hætti.

Réttindi skráðra aðila

Viðskiptamenn, framleiðendur og einstaklingar eiga rétt á að fá aðgang að persónuupplýsingum sem IS hefur undir höndum og staðfesta lögmæti vinnslunnar. Jafnframt eiga aðilar rétt á að láta leiðrétta, eyða, takmarka vinnslu persónuupplýsinga og andmæla slíkri vinnslu.

Framangreind réttindi eru þó ekki fortakslaus. Lög og reglugerðir kunna að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni um umrædd réttindi.

Viðskiptamenn, framleiðendur og einstaklingar eru beðnir um að beina fyrirspurnum sínum um persónuverndarstefnu þessa og beiðni um nýtingu framangreindra réttinda með tölvupósti á netfangið personuvernd@icelandseafood.is

Aðilum er einnig bent á að þeir hafa rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar telji þeir að IS hafi ekki virt réttindi þeirra við meðferð á persónuupplýsingum.

Endurskoðun

Félagið áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu þessari eftir því sem þurfa þykir og mun vekja athygli á því ef efnislegar breytingar verða gerðar. Uppfærð útgáfa af þessari persónuverndarstefnu verður birt á vefsíðu félagsins og verða breytingar tilkynntar þegar þær eiga sér stað.

Persónuverndarstefna þessi var sett fram 23. nóvember 2020